

# Fundargerð 417. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2019, mánudaginn 18. nóvember kl. 11:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Virkisbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Lúðvík Geirsson og Rebekka Hilmarsdóttir. Í fjarfundarbúnaði voru Ólafur Þór Snorrason, Eydís Ásbjörnsdóttir, Guðmundur M Kristjánsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Pétur Ólafsson og Björn Arnaldsson.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Fundargerð 416. fundar - 1901002HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 416. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 18. október 2019.

*Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift þeirra stjórnarmanna sem voru ekki í fjarfundarbúnaði.*

### 2. Siglingaráð - 1712003HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 19. fundar siglingaráðs frá 3. október 2019.

*Björn, sem er fulltrúi hafnasambandsins í Siglingaráði, gerði grein fyrir málinu.*

### 3. Tillaga til þingsályktunar um gerð stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa á Íslandi - 1911001HA

Lögð fram til kynningar tillaga til þingsályktunar um gerð stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa á Íslandi, ásamt frétt um málið í Morgunblaðinu 14. nóvember 2019.

### 4. Samráðsnefnd Fiskistofu og hafnasambandsins - 1704004HA

Tekin upp að nýju umræða, sem áður var á dagskrá stjórnar hafnasambandsins 18. október 2019. Einnig lagt fram minnisblað frá Birni, dags. 13. nóvember sl., um helstu upplýsingar úr fundargerðinni sem tengjast vigtun sjávarafila.

*Lúðvík, sem er fulltrúi hafnasambandsins, í samráðshóp um bætt eftirlit með fiskveiðiauðlindinni, mun fylgja málinu eftir á næsta fundi samráðshópsins.*

### 5. Fundur um fiskeldi og gjaldtöku í höfnum með SFS - 1911002HA

Formaður gerði grein fyrir fundi sem hann mun eiga með Samtökum sjávarútvegssveitarfélaga og Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi um fiskeldi og gjaldtöku í höfnum.

## 6. Áskorun um endurskoðun á hafnalögum vegna fiskeldis - 1911003HA

Lagt fram til kynningar bréf frá Vesturbyggð, dags. 16. október 2019, sem sveitarfélagið hefur áður sent á samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Í bréfinu er skorað á ráðherra að endurskoða ákvæði hafnalaga nr. 61/2003 vegna fiskeldis.

Fundi var slitið kl. 12:30

---

Gísli Gíslason

---

Ólafur Þór Snorrason

---

Eydís Ásbjörnsdóttir

---

Guðmundur M Kristjánsson

---

Hanna Björg Konráðsdóttir

---

Pétur Ólafsson

---

Lúðvík Geirsson

---

Björn Arnaldsson

---

Rebekka Hilmarsdóttir

---

Valur Rafn Halldórsson

